

Samkomulag

aðlögunarnefndar Heilbrigðisstofnunarinnar Vestmannaeyjum og Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) um forsendur röðunar starfa við stofnunina skv. ákvæðum kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) frá 18. mars 2005.

1. Gildissvið

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 3. gr. kjarasamnings Félags íslenskra náttúrufræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, frá 18.mars 2005. Samkomulagið nær til allra félagsmanna Félags íslenskra náttúrufræðinga sem ráðnir eru til starfa hjá Heilbrigðisstofnununinni Vestmannaeyjum.

2. Skilgreining hugtaka

Launaflokkur er tiltekin lóðrétt lína. Skilgreiningu á **launanúmer** er að finna í grein 3.1. í umræddum kjarasamningi, þ.e. númeraðar fjárhæðir frá 1-33 og aldursþrepaskipti.

3. Grunnröðun

3.1 Almennar forsendur röðunar.

Störfum skal ráðað í launaflokka í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu og þess gætt að samræmi sé milli þeirra þátta sem móta starfið. Ráða skal í launaflokk í samræmi við ábyrgð og umfang verkefna skv. hlutlægum mælikvörðum ef unnt er. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, er vísiregla gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis. Taka skal mið af launum náttúrufræðinga sem starfa á opinberum stofnunum og þeim kjörum sem gilda fyrir sambærileg störf á almennum vinnumarkaði

Launakerfi stofnunarinnar byggir á eftirfarandi starfaflokkum:

3.2 Skilgreining starfsheita og grunnröðun þeirra.

Náttúrufræðingur 1:

Náttúrufræðingur án starfsreynslu sem sinnir þjónusturannsóknum undir daglegri stjórn sérfræðings. Tekur þátt í endanlegri úrvinnslu niðurstaðna og frágangi svara ásamt sérfræðingi. Verður Náttúrufræðingur 2 eftir 3ja mánaða reynslutíma

1-2

Náttúrufræðingur 2:

Náttúrufræðingur sem sinnir þjónusturannsóknum undir stjórn sérfræðings. Tekur þátt í endanlegri úrvinnslu niðurstaðna og frágangi svara ásamt sérfræðingi

3-4

Náttúrufræðingur 3:

Náttúrufræðingur sem sinnir þjónusturannsóknum og tekur vaktir. Sér um endanlega úrvinnslu niðurstaðna og gengur frá svörum.

5-6

Sérfræðingur 1:

Náttúrufræðingur með starfsreynslu, sem sinnir þjónusturannsóknum og tekur vaktir. Hefur umsjón með endanlegri úrvinnslu rannsókna og frágangi svara. Tekur þátt í þjálfun nýrra starfsmanna. Staðlar aðferðir í samræmi við staðla. **7-9**

Sérfræðingur 2:

Náttúrufræðingur með starfsreynslu, sem sinnir þjónusturannsóknum og tekur vaktir. Hefur umsjón með endanlegri úrvinnslu rannsókna og frágangi svara. Tekur þátt í þjálfun nýrra starfsmanna. Staðlar aðferðir í samræmi við staðla. Hefur með höndum verkefnastjórn og einnig mannaráðningar og fjármálastjórn því tengt. **10**

Forstöðumaður:

Náttúrufræðingur með starfsreynslu. Ber ábyrgð á endanlegri úrvinnslu rannsókna og frágangi svara gagnvart forstöðulækni. Ber ábyrgð á þjálfun starfsmanna. Ber ábyrgð á að aðferðir uppfylli setta staðla. Hefur með höndum mannaráðningar, fjármálastjórn og verkefnastjórn. **12**

3.3. Aðrir þættir sem taka skal mið af við röðun einstaklinga í launaflokka

Samkvæmt fylgiskjali 2 í fyrrgreindum kjarasamningi og samkomulags aðlögunar-nefndar ber að meta eftirfarandi þætti til hækkunar grunnlauna:

3.3.1 Menntun

Mat á formlegri framhaldsmenntun:

Formleg framhaldsmenntun skal metin með eftirfarandi hætti inn í grunnröðun í launaflokka.

	<u>Fjöldi launaflokka</u>
BS-honour (120 einingar) eða hliðstæð menntun	1
MS-próf eða hliðstæð menntun	2
Ph.D - próf eða hliðstæð menntun	3

Mat á endurmenntun, símenntun og viðbótarmenntun í formi námskeiða:

5 einingar 1 lfl.

20 einingar 2 lfl.

Gildi einingar skal vera skv. skilgreiningu HÍ. á 1 einingu.

3.3.2 Starfsreynsla:

Starfsreynsla er skilgreind sem samanlögð vinna starfsmanns við sitt fræðasvið óháð vinnustað. Starfsreynsla áunnin við skammtímaráðningu skal einnig teljast að fullu.

Vegna starfsreynslu eftir 5 ár bætist við 1 lfl.

Ákvæði þetta tekur gildi 1.mái 2003.

4. Persónu- og starfsbundnir þættir

Eftirfarandi þættir bætast við röðun skv. kafla 3. Metnir skulu a.m.k 2 þættir. Hver þáttur er metinn til 1. lfl.

Starfsbundnir þættir

Ábyrgð
Aukið álag
o.fl.

Persónubundnir þættir

Sjálfstæði í vinnubrögðum
o.fl.

5. Endurmat starfskjara.

Einu sinni á ári skulu störf og starfskjör starfsmanns metin og þeir þættir endurmetnir sem hafa áhrif til hækkunar á röðun hans innan ramma skv. kafla 3 svo og með tilliti til þess hvort starf skuli fært til annars starfaflokks.

6. Tímabundin frávik frá verksviði.

Sé starfsmanni falið tímabundið verkefni sem felur í sér meiri ábyrgð en gert er ráð fyrir í starfslýsingu skal hann fá hækkun launa meðan á því stendur. Greitt skal samkvæmt þeirri ábyrgð sem starfið felur í sér og sérstökum samningi sem aðilar gera með sér um verkefnið. Hafi starfsmaður starfað lengur en 13 mánuði samfleytt á þessum kjörum verða þau varanleg.

7. Réttur til endurmats á röðun.

Telji starfsmaður að honum sé ekki verið rétt raðað miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar, skv. 13 grein kjarasamnings.

8. Endurskoðunarákvæði.

Aðilar eru sammála um að endurskoða ákvæði þessa samkomulags, ef þörf krefur og annar aðili óskar þess, þó eigi síðar en að ári liðnu frá undirritun hans. Verði breyting á starfsemi stofnunar eða meginverkefnum hennar skal gerð nauðsynleg endurskoðun á röðunarreglum samningsins.

- 9.** 1. maí 2007 hækka starfsmenn innan Fín hjá HSV um 1 launaflokk. Röðun starfsmanna er samkvæmt fylgiskjali 1.

10. Gildistími.

Samkomulag þetta gildir frá 1.maí 2006.

Reykjavík, 29.maí 2006

**fh. Heilbrigðisstofnunarinnar
Vestmannaeyjum**

f.h. Félags ísl. náttúrufræðinga

Gunnar K. Gunnarsson

Sæunn Marinósdóttir